



RÍKISENDURSKOÐUN

**STJÓRNSÝSLUENDURSKOÐUN  
HJÁ  
RÍKISÚTVARPINU**

JÚNÍ 1988

## E F N I S Y F I R L I T

---

I.	Inngangur . . . . .	2
II.	Helstu niðurstöður . . . . .	3
III.	Athugasemdir við einstakar deildir . . . . .	10
IV.	Starfsemi og hlutverk Ríkisútvarpsins . . . . .	16
V.	Stjórnskipulag . . . . .	17
VI.	Fjármál Ríkisútvarpsins . . . . .	32
VII.	Starfsmannamál . . . . .	43

## Fylgiskjöl

- 1 Auglýsingatekjur sjónvarps- og hljóðvarps 1985-1987.
- 2 Rekstrarrafkoma hljóðvarps- og sjónvarps 1985-1987.
- 3 Samanburður auglýsingatekna og afnotagjalda 1985-1987.
- 4 Verðbreytingar sjónvarpsauglýsinga ( 60 sek. )
- 5 Verðbreytingar á lesnum auglýsingum 1986 - 1988.
- 6 Sameiginlegur rekstrarreikningur fyrstu fjóra mánuði ársins 1988.
- 7 Starfsmannaskrá Ríkisútvarpsins.

I. INNGANGUR

í 9. grein laga nr. 12/1986 um Ríkisendurskoðun segir að Ríkisendurskoðun geti framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá ríkisfyrirtækjum, en í slikri endurskoðun felst að könnuð sé meðferð og nýting á ríkisfé. Skal stofnunin vekja athygli hlutaðeigandi stjórnvalda á því sem úrskeiðis fer í rekstri og gera tillögur um úrbætur.

Ríkisendurskoðun hefur á grundvelli framangreinds lagaákvæðis framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá Ríkisútvarkinu að höfðu samráði við menntamálaráðherra og útvarpsstjóra. Meginniðurstöður athugunar Ríkisendurskoðunar koma fram í kafla II í skýrslu þessari.

Stjórnsýsluendurskoðunin fólst meðal annars í því, að gerð var athugun á framkvæmd gildandi stjórnskipulags hjá Ríkisútvarkinu. Ennfremur voru skoðaðar þær verklagsreglur sem viðhafðar eru við úrvinnslu einstakra verkefna. Þá var rætt við fjölmarga starfsmenn Ríkisútvarpsins um viðhorf þeirra til starfs sins og stofnunarinnar. Að lokum er gerð grein fyrir fjárhagstöðu Ríkisútvarpsins síðustu tvö árin.

í skýrslu þessari bendir Ríkisendurskoðun á atriði sem betur mega fara í skipulagi og rekstri Ríkisútvarpsins. Við þá athugun sem Ríkisendurskoðun hefur framkvæmt hjá Ríkisútvarkinu hefur komið í ljós að margir þættir í rekstri Ríkisútvarpsins eru framkvæmdir af fyllstu hagsýni. Ennfremur hefur að undanförnu verið unnið að endurbótum á ýmsum sviðum hjá Ríkisútvarkinu sem hafa og munu skila árangri.

## II. HEILSTU NIÐURSTÖÐUR

### **Hlutverk Ríkisútværpsins**

Í lögum um Ríkisútvarpnið nr. 68/1985 er hlutverki stofnunarinnar m.a. lýst þannig:

Ríkisútvarpnið skal leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð. Þá skal Ríkisútvarpnið halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana.

Ríkisútvarpnið skal m.a. veita almenna fréttapjónustu og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir. Það skal flytja fjölbreytt skemmtiefni. Sérstaklega skal þess gætt að hafa fjölbreytt efni við hafi barna.

Ríkisútvarpnið skal flytja efni m.a. á sviði lista og bókmennata, vísinda og sögu auk tónlistar. Ríkisútvarpnið skal senda út til alls landsins og næstu miða tvær hljóðvarpsdagskrár og minnst eina sjónvarpsdagskrá árið um kring.

Ríkisútvarpnið skal stefna að því að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og hljóðvarps í öllum kjördæmum landsins.

Ríkisútvarpnið skal starfrækja fræðsluútvarp í samvinnu við fræðsluyfirvöld og skal veita til þess fé á fjárlögum.

Almennt má segja að starfsemi Ríkisútværpsins sé í samræmi við markmið (lög) stofnunarinnar.

Hins vegar hefur Ríkisútvarpnið ekki náð því takmarki að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og hljóðvarps í öllum kjördæmum landsins, en nú starfrækir stofnunin svæðisútvarp í 2 kjördæmum.

Þá hefur Ríkisútværpinu ekki verið skapaður fjárhagsgrundvöllur til fjárfestingar og endurnýjunar dreifikerfis sem nær til alls landsins, þannig að ákvæði laga um Ríkisútvarpnið, sem segir að það skuli senda út til alls landsins og næstu miða tvær hljóðvarps- og eina sjónvarpsdagskrá, hefur ekki náð fram að ganga.

## Stjórnskipulag

Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins.

Ríkisútvarpið starfar undir stjórn útvarpsstjóra í fjórum deildum, þ.e. hljóðvarpsdeild, sjónvarpsdeild, tæknideild og fjármáladeild. Framkvæmdastjóri er fyrir hverri deild. Í útvarpslögum nr. 68/1985 kemur hins vegar fram að Ríkisútvarpið starfar í þremur deildum með framkvæmdastjóra fyrir hverri deild. Tæknideild er undanskilin í lögnum, en með skipulagsbreytingu voru tæknideildir Ríkisútvarpsins sameinaðar eftir að útvarpslöginn tóku gildi.

Samkvæmt skipuriti stofnunarinnar heyrir starfsmannahald til skrifstofu útvarpsstjóra, en við þetta viðfangsefni starfar aðeins einn starfsmaður. Ríkisendurskoðun telur að nauðsyn beri til að styrkja þessa starfsemi hjá Ríkisútvarpinu og bendir á í því sambandi að fjöldi starfsmanna stofnunarinnar er u.p.b. 370. Ennfremur telur Ríkisendurskoðun það samrýmast betur stjórnskipulagi stofnunarinnar að þessum málaflokki væri komið fyrir sem hluta af starfsemi fjármáladeilda.

Ríkisendurskoðun telur að efla beri yfirstjórn fjármála hjá Ríkisútvarpi frá því sem nú er. Í því sambandi bendir Ríkisendurskoðun á að hagdeild stofnunarinnar, sem á að vera mikilvægur þáttur í yfirstjórn fjármáladeilda, er nánast óvirk. Innheimtu-deild sinni hlutverki sínu illa, sem leiðir til verulegs tekjumissis hjá stofnuninni. Bókhald er fært eftir óstaðfestum gögnum í mörgum veigamiklum atriðum og sinnir bókhaldsdeild ekki sjálfsögðum eftirlitsþáttum svo sem afstemmingum.

Að áliði Ríkisendurskoðunar hefur Ríkisútvarpið í of ríkum mæli leitað eftir ráðgjafapjónustu utan stofnunarinnar og að ráðgjafarnir hafi oft á tiðum tekið að sér dagleg viðfangsefni sem vinnast ættu af starfsmönnum stofnunarinnar. Ástæða til þessa er m.a. sú að ekki hefur tekist að ráða til stofnunarinnar fólk með sérþekkingu á þessu sviði. Þetta á einkum við um fjármálaráðgjöf og verkefni á sviði tölvumála.

Ríkisendurskoðun telur að ekki sé nægileg festa fyrir hendi hjá yfirstjórn sjónvarpsins. Þetta kemur m.a. fram í því að einstakir yfirmenn deilda og yfirstjórn vinna ekki alltaf að sameiginlegum markmiðum. Þetta hefur meðal annars orðið til þess að ágreiningsmál hafa ekki verið leyst í tima.

Unnið er að endurskipulagningu á stjórnskipulagi stofnunarinnar og telur Ríkisendurskoðun nauðsynlegt að flýta þeiri vinnu með það í huga að brátt verði öll starfsemin komin undir sama þak. Í því sambandi bendir

Ríkisendurskoðun á möguleika á aukinni samvinnu hljóðvarps og sjónvarps, einkum á sviði fréttar, dagskrárgerðar, tónlistar og skrifstofuhalds.

Starfslysingar og skráðar reglur um framkvæmd einstakra starfa eru yfirleitt ekki fyrir hendi hjá stofnuninni. Afleiðingin er sú að boðmiðlun er veik og kemur það m.a. fram í því að upplýsingar berast seint og illa innan stofnunarinnar. Ennfremur er bent á að starfsmenn vita ekki í öllum tilvikum hver þeirra næsti yfirmaður er.

### Fjármál

Fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins er mjög veik um þessar mundir, sem er afleiðing þess að það hefur verið rekið með verulegum halla síðastliðin tvö ár; nemur hann á verðlagi ársins 1988 um 400 milljónum króna. Meginskýringu á bágri rekstrarstöðu má einkum rekja til þess að begar Ríkisútvarpið missti einkaleyfi á útvarpsrekstri á árinu 1986, leiddi það til verulegs samdráttar í auglýsingtekjum hjá stofnuninni. Sú fjárhæð, sem tapast hefur á tveimur síðustu árum miðað við árið 1985, nemur um 326 milljónum króna á marsverðlagi ársins 1988. Þá voru afnotagjöld ekki hækkuð á tímabilinu 1. janúar 1986 til 1. júlí 1987, en á þeim tíma varð verðlagshækkun hér á landi um 30%. Á umræddu tímabili var ákveðið að auka dagskrá hljóðvarps- og sjónvarps um helming frá því sem áður var.

Á árinu 1986 komu til framkvæmda lög um Menningarsjóð útvarpsstöðva sem áttu meðal annars að leiða til þess að tilkostnaður Ríkisútvarpsins vegna reksturs Sinfóniuhljómsveitar Íslands yrði lægri en áður var. Þetta markmið hefur ekki náð fram að ganga, þar sem Ríkisútvarpið hefur eitt útvarps- og sjónvarpsstöðva verið látið bera sinn fyrri hlut í rekstrarkostnaði Sinfóniuhljómsveitar Íslands.

Talið er að reglugerðarbreyting á innheimtu afnotagjalda sem gerð var á árinu 1983, þar sem ákveðið var að eitt útvarpsgjald skyldi greitt fyrir afnot hverrar fjölskyldu á sama heimili, hafi leitt til verulegs tekjumissis hjá Ríkisútvarpinu.

Þá hefur yfirstjórn Ríkisútvarpsins ekki tekist að halda rekstrargjöldum innan fjárhagsáætlunar og/eða gripa til nauðsynlegra aðhalðsaðgerða til að mæta þeim samdrætti í tekjum, sem stofnunin hefur orðið fyrir tvö síðastliðin ár.

Vegna erfiðrar fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins greip stofnunin til þess ráðs að gera svonefndu fjármögnunarnar og kaupleigusamninga á árunum 1985 til 1987 að fjárhæð

Bygging hins nýja útvarpshúss hefur verið fjármögnum með framlögum úr framkvæmdasjóði Ríkisútværpsins. Árið 1986 naut sjóðurinn tekna af aðflutningsgjöldum hljóðvarps- og sjónvarpstækja. Með lánsfjárlögum 1987 og 1988 var ákveðið að stofnunin fengi ekki lengur tekjur af þessum aðflutningsgjöldum, en samkvæmt upplýsingum fjármálastjóra Ríkisútværpsins voru tekjur þessar áætlaðar 250 milljónir króna árið 1987.

Með þessari ákvörðun hefur möguleiki Ríkisútværpsins til að ljúka húsbyggingu sinni við Efstaleiti versnað verulega. Eingöngu 10% af brúttótekjum stofnunarinnar munu ganga til nýbyggings, tækjakaupa og dreifikerfis, sem er 141 milljón króna skv. fjárlögum 1988.

### **Almennar athugasemdir**

#### **Útvapsráð**

Í 21. gr. útvarslaga er kveðið á um að útvapsráð skuli vera umsagnaraðili hvað varðar ráðningu starfsfólks dagskrár.

Ríkisendurskoðunin varpar fram þeirri spurningu hvort ekki eigi að hafa sömu reglu um ráðningu þessara starfsmanna og er um aðra starfsmenn stofnunarinnar, það er að hin daglega yfirstjórn Ríkisútværpsins fari með þau mál að öllu leyti.

#### **Áætlanagerð**

Ríkisendurskoðun telur að þrátt fyrir að mikilvægur áfangi hafi náðst hjá Ríkisútvarpinu við gerð fjárhagsáætlana skorti enn á að áætlanir séu það stjórntæki sem nauðsynlegt er. Þá telur Ríkisendurskoðun þýðingarmikið að áætlun um dagskrárgerð sé eflid frá því sem nú er, sérstaklega með tilliti til betri nýtingar á aðstöðu hjá tæknideild, vinnu framleiðsludeilda og markvissari innkaupa á dagskrárefni. Hins vegar hefur fjárhagsleg óvissa af hálfu framkvæmdavaldsins varðandi gjaldskrár oft gert stofnuninni erfitt um vik við framkvæmd áætlana.

#### **Skráning og upplýsingar**

Ríkisendurskoðun telur nauðsynlegt að fram fari hjá Ríkisútvarpinu heildarúttekt á nytsemi þess að skrá

innri upplýsingar hjá stofnuninni. Svo virðist sem sumt af því verki, sem nú er verið að vinna, hafi lítinn eða engan tilgang. Í því sambandi má meðal annars nefna skráningu hjá tónlistadeild og aðalskrifstofum.

### Innheimtukerfi

Ríkisendurskoðun vísar til skýrslu sem stofnunin gerði nýlega um innheimtukerfi hjá Innheimtudeild Ríkisútværpsins. Þar kemur meðal annars fram að eftirlitsþættir kerfisins eru ófullnægjandi og að hvorki séu fyrir hendi kerfislysingar né notendahandbók. Þá er ennfremur lagt til að verklagsreglur varðandi innheimtu vanskilaskulda verði endurskoðaðar. Talið er að sú stofnskrá, sem innheimta afnotagjalda grundvallast á, sé ekki fullnægjandi.

### Tölvuvæðing

Tölvuvæðing hjá Ríkisútvarpinu hefur í mörgum veigamiklum atriðum mistekist þrátt fyrir mikinn tilkostnað.

Ríkisendurskoðun telur að heildarstefnu hafi skort í þessum málaflokki hjá Ríkisútvarpinu; það hafi ekki aflað sér nægilegrar þekkingar á þessu sviði og hafi verið í of ríkum mæli háð utanaðkomandi ráðgjöf. Áður en lengra er halddið á þessari braut er nauðsynlegt að fyrir liggi heildaráætlun um þörf fyrir tölvuvæðingu hjá stofnuninni.

Nýlega var sett á laggirnar tölvunefnd innan Ríkisútværpsins. Nefndin hefur það verkefni að vinna að stefnumótun í tölvumálum.

### Starfsmannamál

Ríkisendurskoðun telur að efla þurfi til muna starfsmannahald Ríkisútværpsins. Hjá Ríkisútvarpinu starfa u.p.b. 370 manns. Heimiluð stöðugildi eru 265, en fastráðir starfsmenn eru 210. Hins vegar hefur stofnunin 120 lausráðna starfsmenn. Auk þess starfar timavinnufólk sem nemur 44 stöðugildum á ári, þannig að um 65 stöðugildi hjá Ríkisútvarpinu eru án stöðuheimilda. Ríkisútværpið hefur hins vegar í fjárlaga-tillögum sinum áætlað launakostnað vegna allra starfsmanna og þær siðan verið samþykktar af stjórnvöldum. Ríkisendurskoðun telur að brýna nauðsyn beri til að Ríkisútværpið hafi formlegar stöðuheimildir fyrir því starfsfólk sem er í þjónustu þess og gert er ráð fyrir

i útgjöldum stofnunarinnar.

Þá telur Ríkisendurskoðun að þegar öll starfsemi Ríkisútværpsins er flutt að Efstaleiti og fram hefur farið endurskoðun á stjórnskipulagi þess þurfi jafnframt að koma til allsherjarendurmat á störfum hjá stofnuninni.

### Menningarsjóður

Ljóst er að sú fyrirætlan með lögum um Menningarsjóð útvarpsstöðva að léttu af Ríkisútvarpinu hluta af rekstrarkostnaði Sinfóniuhljómsveitar Íslands hefur ekki náð tilgangi sinum þau tvö ár sem sjóðurinn hefur starfað. Ríkisendurskoðun telur rétt að fram fari endurskoðun á tilverurétti sjóðsins.

### Kaup- og fjármögnunarleiga

Ríkisútvarpið hefur gert kaup- og fjármögnunarleigusamninga með samþykki menntamálaráðuneytisins. Það er mat Ríkisendurskoðunar að sú leið, sem farin var til að leysa fjárhagsvanda stofnunarinnar, sé ekki heimil og óeðlileg.

### III. ATHUGASEMDIR VIÐ EINSTAKAR DEILDIR

#### **FJÁRMÁLADEILD**

##### **Auglýsingadeild**

Í deildinni er í notkun tölvuvætt auglýsingakerfi sem m.a er ætlað að ná yfir verðútreikning, birtингa-lista og viðskiptamannabókhald.

Ríkisendurskoðun gerir eftirfarandi athugasemdir við auglýsingakerfi auglýsingadeilda:

Hvorki notendahandbækur né kerfislýsingar eru fyrir hendi og geta starfsmenn ekki gert breytingar á auglýsingatöxtum nema til komi aðkeypt sérfræðiþjónusta.

Kerfið fullnægir ekki þeim kröfum sem gerðar voru til þess í upphafi. Til dæmis er ekki hægt að sjá stöðu einstakra viðskiptamanna og loka reikningum þeirra þegar skuld er orðin hærri en leyfilegt er.

Kerfið verkar ekki sem viðskiptamannabókhald þar sem innborganir eru ekki skráðar. Einungis er hægt að sjá stöðu viðskiptamanna um mánaðamót þegar heildarsala auglýsinga í mánuðinum er flutt úr kerfinu yfir í viðskiptamannabókhald.

Kvittanir vegna staðgreiðsluviðskipta eru ónúmeruð vélritunarblöð. Ríkisendurskoðun bendir á að kvittanir og reikningar skuli vera tölusett, sbr. lög um bókhald nr. 51/1968.

Skilgreina þarf starfsvið og ábyrgð bæði innheimtustjóra auglýsinga og auglýsingastjóra.

#### **Innheimtudeild**

Afnotagjöld eru innheimt á grundvelli stofnskrár. Samkvæmt henni var fjöldi notenda 75.023 í mars 1988.

Ekki hefur gengið nógu vel að halda utan um stofnskrá og annast viðhald hennar og má í því sambandi nefna að skil á söluskýrslum frá seljendum viðtækja berast í mörgum tilvikum seint og illa. Eftirliti með viðtækjum hefur verið illa sinnt af hálfu deildarinnar. Undanfarin ár hafa aðeins tvívar farið fram tækjakannanir og náðust við það 2.600 tæki á skrá, sem er um 33,8 milljóna króna tekjuaukning fyrir stofnunina á ári.

Deildin sinnir hlutverki sinu illa. Stofnskrá er ábótaþant, vinnubrögð ómarkviss og eftirlit lélegt. Viðurlögum, sem m.a. byggja á innsiglun viðtækja og eignarhaldssviptingu, er yfirleitt ekki beitt. Slæleg vinnubrögð á deildinni leiða til verulegs tekjumissis hjá stofnuninni.

Leggja þarf áherslu á aukið eftirlit, bætta stjórnun og markvissari vinnubrögð í deildinni.

Í nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar um innheimtu-kerfi innheimtudeildar kemur fram að kerfið fullnægir ekki þeim kröfum sem gera verður til þess. Helstu niðurstöður þeirrar skýrslu eru:

- \* Eftirlitsþættir kerfisins eru ófullnægjandi.
- \* Ekki voru gerðir formlegir samningar við kerfis-fræðinga um aðlögun og kerfisgerð.
- \* Kerfislýsingar og notendahandbækur liggja ekki fyrir.

### Hagdeild

Hagdeild, sem er skipuð einum starfsmanni, hefur ekki sinnt hlutverki sinu. Erfiðlega hefur gengið að ráða hæft starfsfólk í deildina. Undanfarna 8 mánuði hafa þrír viðskiptafræðingar hafið störf þar, en allir hætt störfum.

### Bókhaldsdeild

Bókhaldsdeild þarf að sinna betur einstökum deildum varðandi bókhaldsmál og upplýsingamiðlun. Rekstrar-yfirlit hafa borist seint.

### Aðalskrifstofa fjármáladeilda

Nokkuð er um tviverknað á deildinni sem hægt væri að leysa með tölvuvinnslu. Á þetta einkum við um dagskrárgreiðslur sem koma vélritaðar sem greiðslubeiðnir frá viðkomandi deildum, en eru síðan endur-vélritaðar á aðalskrifstofu. Þessar greiðslubeiðnir eru um 1.200 á mánuði.

Ríkisendurskoðun telur að nýta eigi úrvinnslukerfi launadeilda fjármálaráðuneytisins varðandi afgreiðslu á dagskrárgreiðslum.

**Safnadeild**

í deildinni fer fram mikil skráningarvinna.  
Bæta þarf skráningarkerfi og útlánakerfi deildarinnar  
með tölvuvinnslu, þar sem þau eru ófullnægjandi.

Sú skráning sem fram fer á gömlum hljómplötum  
( 78 - snúninga ) er ekki eftir þeim skráningarreglum  
sem tíðkast á safninu.

**Fjárvarsla**

Nauðsynlegt er að tölvuvæða afgreiðslu ávisana og  
sjóðsbók hjá gjaldkera þar sem þessi störf eru nú unnin  
með ærnum tíma og fyrirhöfn.

**HLJÓÐVARP****Aðalskrifstofa hljóðvarps**

Fjölmög viðfangsefni, sem unnin eru á aðalskrifstofu hljóðvarps, mætti tölvuvæða og hefði það í för með sér sparnað hvað varðar tíma og tilkostnað. Hugmyndir um tölvuvæðingu hafa verið til athugunar í u.p.b. þrjú ár en ekki hefur orðið af framkvæmdum.

Leiklistarskrá er unnin á aðalskrifstofu hljóðvarps. Eðlilegra væri að sú vinna færi fram á leiklistardeild.

**Tónlistardeild**

Mikil skráningarvinna og skýrslugerð fer fram í tónlistardeild og myndi tölvuvæðing auðvelda þessa vinnu.

**SJÓNVARP****Innkaupa-og markaðsdeild**

Nauðsynlegt er að efla áætlun um dagskrárgerð frá því sem er nú í dag, en þar sem sá verkpáttur hefur ekki verið nægilega markviss hefur það leitt til þess að innkaupa- og markaðsdeild hefur ekki alltaf tekist að ná hagkvæmustu innkaupum sem bjóðast.

**Innlend dagskrárgerðardeild**

Ljóst er að verulegur ágreiningur er á milli innlendrar dagskrárgerðardeilda annars vegar og yfirstjórnar sjónvarpsins og tæknideilda hins vegar um hvernig standa eigi að dagskrárgerð og hefur sá ágreiningur m.a. komið fram í því hvort vinna skuli einstök verk innan stofnunarinnar eða utan.

Þá hefur oft skort á að vinnuáætlanir dagskrárdeilda liggi fyrir á tilskildum tíma en það hefur síðan haft áhrif á starfsemi þjónustudeilda.

Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að stjórnendur einstakra deilda og yfirstjórn stefni að sameiginlegum markmiðum og að settar séu verklags- og samskiptareglur milli aðila.

## TÆKNIDEILD

Sú verklagsregla hefur átt að vera í gildi hjá tæknideild Ríkisútværpsins að hluta af yfirvinnukostnaði væri dreift á liði annarra deilda hjá stofnuninni sem njóta þjónustu tæknideildarinnar. Ekki var yfirvinnukostnaði á árinu 1987, skipt á aðrar deildir nema að hluta til og sama er uppi á teningnum hvað varðar árið 1988. Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að þessi regla sé framkvæmd þar sem hún veitir eðlilegt aðhald og raunverulegur kostnaður einstakra deilda sé sýndur í mánaðarlegum rekstraryfirlitum til samanburðar við áætlanir.

Samskipti tæknideildar og dagskrárstjóra innlendar dagskrárgerðardeildar hafa ekki verið sem skyldi. Það sjónarmið hefur komið fram að þjónustu tæknideildar sé ábótavant og að aðkeypt þjónusta á þessu sviði sé mun betri og ódýrari. Ríkisendurskoðun telur að ekki liggi fyrir nægilega rökstuddar forsendur af hálfu innlendar dagskrárgerðardeildar hvað varðar aðfinnslu deildarinnar um störf tæknideildar.

Starfsemi tæknideildar fer fram á Laugavegi 176 og í Efstaleiti 1. Ljóst er að sú skipan veldur óhagræði í rekstri deildarinnar enda þótt að undanförnu hafi farið fram veruleg endurskoðun til sparnaðar í rekstri deildarinnar. Ríkisendurskoðun áréttar mikilvægi þess að starfsemi Ríkisútværpsins sé á einum stað þannig að sem mestri hagkvæmni sé náð við rekstur einstakra deilda.

#### IV. STARFSEMI OG HLUTVERK RÍKISÚTVARPSINS

Ríkisútvaprið er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins.

Í lögum nr. 68/1985 segir að því sé skylt að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.

Ríkisútvaprið skal halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur, mannréttindi, frelsi til orðs og skoðana og það skal gæta fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð.

Ríkisútvaprið skal veita almenna fréttapjónustu og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir. Það skal flytja fjölbreytt skemmtiefni við hafi fólks á öllum aldri. Ríkisútvaprið skal flytja efni m.a. á sviði lista, bókmennta, visinda, sögu og tónlistar. Það skal veita almenna fræðslu og gera sjálfstæða dagskrárpætti er snerta Ísland eða Íslendinga sérstaklega.

Ríkisútvaprið skal senda út til alls landsins og næstu miða tvær hljóðvarpsdagskrár og minnst eina sjónvarpsdagskrá árið um kring. Ríkisútvaprið skal starfrækja fræðsluútvarp í samvinnu við fræðsluyfirvöld.


Útvarpsstjóri annast rekstur Ríkisútvarpsins en útvarpsráð tekur ákvarðanir um hversu útvarpsefni skuli haga í höfuðdráttum innan marka fjárhagsátlunar.

Ríkisútvarp hljóðvarp sendir út á tveimur rásum, rás 1 og rás 2. Einnig rekur Ríkisútvaprið svæðisútvarp á tveimur stöðum, Akureyri og Egilsstöðum. Samkvæmt útvarplögum skal Ríkisútvaprið stefna að því að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og hljóðvarps í öllum kjördæmum landsins.

Póstur og simi annast viðhald og uppsetningu á dreifikerfi Ríkisútvarpsins samkvæmt sérstökum samningi en fyrir sjónvarpið eru 142 sendar viðs vegar um landið. Fyrir rás 1 eru 65 sendar og fyrir rás 2 eru þeir 45.

Ríkisútvaprið starfar í Reykjavík á tveimur stöðum. Hljóðvarp er til húsa í Efstaleiti 1, en sjónvarp á Laugarvegi 176. Ekki liggur fyrir hvenær starfsemi þess verður flutt í Efstaleitið.

Skipurit  
Ríkisútværpsins



## V. STJÓRNSKIPULAG

Ríkisútvarpið heyrir undir Menntamálaráðuneytið. Daglegur rekstur er í höndum útvarpsstjóra en útvarpsráð tekur ákvarðanir um hversu útvarpsefni skuli haga í höfuðdráttum innan marka fjárhagsáætlunar.

Framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins vinnur að samræmingu á starfi deilda og fjallar um þau mál sem fyrir hana eru lögð.

Samkvæmt skipuriti starfar Ríkisútvarpið í fjórum deildum, þ.e. hljóðvarps-, sjónvarpsdeild, tæknideild og fjármáladeild og hefur hver deild sinn framkvæmdastjóra.

### **Útvarpsráð**

Útvarpsráð skipa sjö menn, sem eru kosnir hlutfallskosningu á Alþingi, ásamt jafn mörgum varamönnum eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu útvarpsráðsmanna.

Útvarpsráð tekur ákvarðanir um hversu útvarpsefni skuli haga í höfuðdráttum innan marka fjárhagsáætlunar. Það ákveður hvert skuli vera hlutfall tónlistar og talaðs máls svo og annars efnis í dagskrá Ríkisútvarpsins. Útvarpsráð getur enn fremur ákveðið að Ríkisútvarpið ráðist í gerð tiltekinna tegunda eða flokka dagskrárefnis. Ákvarðanir þess um útvarpsefni eru endanlegar, en útvarpsstjóri getur bó stöðvað gerð þegar samþykts dagskrárefnis byki sýnt að það reynist stofnuninni fjárhagslega ofviða.

Dagskrá Ríkisútvarpsins skal lögð fyrir útvarpsráð til kynningar áður en hún kemur til framkvæmda.

### **Útvarpsstjóri**

Forseti Íslands skipar útvarpsstjóra að tillögu menntamálaráðherra sem annast rekstur Ríkisútvarpsins, sér um fjárrreiður þess og semur fjárhagsáætlun þess ár hvert. Hann kynnir útvarpsráði fjárhagsáætlunina en sendir hana menntamálaráðherra. Alþingi fjallar um áætlunina, sem síðan er birt í fjárlögum. Útvarpsstjóri er æðsti yfirmaður daglegs reksturs Ríkisútvarpsins.

Útvarpsstjóri undirbýr og stjórnar framkvæmd dagskrár og gætir þess að settum reglum um hana sé

fylgt. Hann gefur út reglur um fréttatflutning og auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, að fengnu samþykki útvarpsráðs. Hann ræður starfsmenn Ríkisútvarpsins, aðra en framkvæmdastjóra deilda, þó að fengnum tillögum útvarpsráðs ef um fastráðningar starfsfólks dagskrár er að ræða. Útvarpsstjóri er formaður framkvæmdastjórnar Ríkisútvarpsins.

Eins og áður sagði getur útvarpsstjóri stöðvað gerð dagskrárefnis, sem útvarpsráð hefur samþykkt, þyki sýnt að það reynist stofnuninni fjárhagslega ofviða.

Útvarpsstjóri annast fjárrreiður framkvæmdasjóðs.

Útvarpsstjóri á sæti á fundum útvarpsráðs og hefur par málfrelsi og tillögurétt.

### Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins skipa formaður útvarpsráðs, útvarpsstjóri og framkvæmdastjórar deilda. Útvarpsstjóri er formaður stjórnarinnar. Framkvæmdastjórn er ætlað að vinna að samræmingu á starfi deilda og gera tillögur um önnur mál sem fyrir hana eru lögð. Tveir fulltrúar starfsmanna Ríkisútvarpsins, annar frá hljóðvarpi, hinn frá sjónvarpi, eiga sæti á fundum framkvæmdastjórnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

### Hljóðvarp

Ríkisútvart hljóðvarp sendir út á tveimur rásum, rás 1 og rás 2.

Samkvæmt lögum á Ríkisútvarpið að stefna að því að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og hljóðvarps í öllum kjördæmum landsins. Ríkisútvarpið rekur landshlutaútvart á tveimur stöðum, Akureyri og Egilsstöðum. Einnig skal Ríkisútvarpið starfrækja fræðsluútvart í samvinnu við fræðsluyfirvöld.

Starfsemi hljóðvarpsins fer fram í 10 deildum, að meðtöldu landshlutaútvart.

### Sjónvarp

Sjónvarpið sendir dagskrá sína út á einni rás. Það starfar í 5 deildum. Íþróttadeild heyrir bæði undir sjónvarp og hljóðvarp.

**Tæknideild**

Tæknideild sér um tæknilega hlutann á upptökum, úrvinnslu efnis og útsendingu hjá hljóðvarpi og sjónvarpi.

Þá hefur Ríkisútvarpið gert samning við Póst og síma um uppsetningu og viðhald á dreifikerfi Ríkisútværpsins.

**Fjármáladeild**

Fjármáladeild fer með fjármál Ríkisútværpsins.

Deildin sér um bókhald stofnunarinnar, innheimtu, greiðslur og fjárvörslu.

Deildin sér um gerð fjárhagsáætlana, verkefna- og kostnaðaráætlanir og ber þær tölur síðan saman við raunverulegan kostnað, og leitast við að skýra þau frávik sem kunna að verða. Það er einnig hlutverk fjármáladeilda að reyna að koma í veg fyrir að deildir fari fram úr gerðum áætlunum.

Starfsemi fjármáladeilda fer fram í níu deildum.

### **Skrifstofa útvarpsstjóra**

Skrifstofan sér um sameiginleg kynningarmál, móttöku gesta, útgáfumál og dreifingu fréttarits.

Ennfremur annast hún fyrirgreiðslu við erlenda fréttamenn sem til Íslands koma. Hún sér einnig um samskipti við starfsmenn Ríkisútvarpsins sem starfa erlendis og um erlend samskipti almennt.

Skrifstofan sér um skipulagningu á ferðum starfsmanna Ríkisútvarpsins erlendis.

### **Starfsmannahald**

Starfsmannastjóri sér um starfsmannamál Ríkisútvarpsins og er hann eini starfsmaður deildarinnar.

Framkvæmdastjórar viðkomandi deilda hafa samband við starfsmannastjóra vegna mannaráðninga og uppsagna. Starfsmannastjóri sér um allar auglýsingar eftir starfsfólki. Viðkomandi framkvæmdastjórar sjá hins vegar um ráðningu starfsfólks.

Fjármálastjóri og aðstoðarmaður hans leysa starfsmannastjóra af.

Starfsmannastjóri annast fjarvistarskráningu.

### **Fjármáladeild**

Fjármáladeild annast fjármál Ríkisútvarpsins. Deildin sér um bókhald stofnunarinnar, innheimtu, greiðslur, fjárvörslu sem og ýmis önnur mál. Má þar nefna gerð fjárhagsáætlana, verkefna- og kostnaðaráætlana, samanburð áætlana við rauntölur ásamt greiningu og skýringum á frávikum og merkingu bókhaldsgagna í samræmi við upptalningu að framan.

Yfirmaður fjármáladeilda, fjármálastjóri, hefur yfirumsjón með fjármálum Ríkisútvarpsins og er einn af framkvæmdastjórum þess. Undir hann heyra allar greiðslur, innheimta, tekjur og bókhald. Hann hefur með höndum yfirstjórn á aðalskrifstofu og undirdeildum fjármáladeilda. Hann leiðir samningagerð við ýmis samtök listamanna, íþróttamanna og fleiri og er formaður gjaldskrárnefndar Ríkisútvarpsins. Fjármálastjóri er formaður byggingarnefndar Ríkisútvarpsins.

Undir fjármálastjóra heyra eftirtaldar deildir:

1. Aðalskrifstofa
2. Innheimtudeild
3. Auglýsingadeild
4. Hagdeild
5. Safnadeild
6. Fjárvarsla
7. Bókhald
8. Tölvudeild
9. Húsrekstrardeild.

### Aðalskrifstofa fjármáladeildar

Á skrifstofunni eru yfirlarin stimpilkort deildarinnar, dagskrárkvittanir og tollamál.

Fylgiskjöl eru bókhaldsmerkt, samþykkt og yfirlarin reikningslega og allir reikningar sjónvarps sem eru hærri en 50.000 krónur.

Reikningar yfir byggingu útvarpshúss, sem berast fjármálastjóra, eru merktir á skrifstofunni.

Öll samskipti við banka og tollstjóraembættið fara fram á aðalskrifstofu. Haldin er skrá yfir starfsfólk, sumarleyfi og veikindi. Einnig fer þar fram uppgjör á ferðareikningum.

Á skrifstofunni eru unnin ýmis störf fyrir starfsmannastjóra t.d. mánaðarlegir launalistar og fjarvistarskrá.

### Innheimtudeild

Innheimtudeild annast innheimtu afnotagjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum.

Innheimtudeildin á að halda skrá yfir öll viðtæki hér á landi, í íslenskum skipum og flugvélum sem nota má til móttöku útvarpsefnis. Í skránni skal greina:

1. Skráningarnúmer, sem auðkennir hvert tæki.
2. Tegund viðtækis og framleiðslunúmer.
3. Dagsetningu frumskráningar.
4. Fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang eiganda.

5. Dagsetningu eigendaskipta, með hverjum hætti sem verða, og upplýsingar um nýjan eiganda, eins og segir í 4. tölulið. Einnig skal greina hvaða dag tilkynning um eigendaskipti barst Ríkisútvarpinu.

Fjórir umboðsmenn starfa úti á landi.

### **Auglýsingadeild**

Deildin sér um auglýsingamál Ríkisútvarpsins. Hún sér m.a. um sölustarf, samskipti við auglýsendur, útskrift reikninga og innheimtu.

### **Hagdeild**

Starfsvið deildarinnar er áætlanagerð og kostnaðar-eftirlit. Hagdeild er ætlað að vera mikilvægur þáttur í yfirstjórn fjármáladeilda.

Starfsmaður hagdeilda, deildarviðskiptafræðingur, á að sjá um áætlanagerð og kostnaðareftirlit. Honum er ætlað að vera deildum til aðstoðar og ráðgjafar. Einnig er þessum starfsmanni ætlað að vera til aðstoðar fjármálastjóra.

### **Safnadeild**

Deildin sér um að panta efni í samráði við framleiðsludeilda, kaupa það, geyma og lána út. Í deildinni eru geymdar hljómplötur, segulbandsupptökur, filmur o.fl. Einnig eru keypt timarit og bækur.

Viðamikil skráning fer fram í deildinni. Ennfremur hefur verið hafist handa við að útbúa skjalaskrá yfir skjöl Ríkisútvarpsins.

Rekið er sérstakt safn fyrir eldri hljómplötur, 78 snúninga, og heyrir það undir safnadeild enda þótt það sé ekki í fjárhagslegum tengslum við deildina.

### **Fjárvarsла**

Verkefni deildarinnar eru gjaldkerastörf, p.e. útskrift ávisana og færsla sjóðsbókar.

Þrír gjaldkerar starfa á pessari deild og hafa peir einir ásamt fjármálastjóra heimild til að gefa út ávísanir. Þær eru greiddir reikningar sem hafa verið áritaðir af fjármálastjóra eða deildarstjórum. Gjaldkerarnir hafa bæði sjóð og bankareikning.

Innborganir eru afnotagjöld og auglýsingatekjur. Frá svæðisútvarpinu á Akureyri er millifært einu sinni í viku.

### Bókhald

Á deildinni fer fram skráning bókhaldsgagna og afstemmingar á bókhaldi. Rekstraryfirlit eru gerð mánaðarlega með samanburði við áætlun. Fylgiskjöl eru bókhaldsmerkt á viðkomandi deildum. Ennfremur eru unnin ýmis verkefni fyrir yfirmenn stofnunarinnar.

Miklar breytingar eiga sér nú stað í bókhaldi stofnunarinnar þar sem verið er að taka í notkun nýtt sameiginlegt bókhaldskerfi ríkisins (BÁR).

### Tölvudeild

Tölvudeild var nýlega sett á laggirnar. Starfsmanni deildarinnar er ætlað að veita notendum tölvukerfa stofnunarinnar þjónustu sína.

### Húsrekstrardeild

Húsrekstrardeild er einungis til á skipuriti.

Verkefni sem starfsmanni húsrekstrardeilda er ætlað að sjá um eru húsvarsla, innkaup á rekstrarvörum og skrifstofubúnaði, umsjón með mótneyti og rekstri bifreiða, eftirlit með viðhaldi útvarpshúss, ræstingu og hirðingu lóðar o.fl.

Fjármálastjóri fer með umsýslu á þeim verkefnum sem heyra til pessari deild.

### Hljóðvarp

Framkvæmdastjóri hljóðvarps hefur yfirumsjón með daglegum rekstri þess. Hann sér um stjórn dagskrárgerðar og samningu dagskrár í samvinnu við deildarstjóra dagskrárdeilda. Hann annast gerð kostnaðaráætlunar hljóðvarpsins og fjármálalegt eftirlit. Framkvæmdastjóri

á sæti í framkvæmdastjórn Ríkisútværpsins og er hann fulltrúi hljóðvarpsins á útvarpsráðsfundum. Honum til aðstoðar er aðstoðarframkvæmdastjóri hljóðvarps.

Undir framkvæmdastjóra hljóðvarps heyra eftirtaldar deildir:

1. Aðalskrifstofa hljóðvarps
2. Fréttastofa
3. Dægurmáladeild
4. Tónlistardeild
5. Fræðslu- og skemmtideild
6. Barna- og unglingadeild
7. Leiklistardeild
8. Ísafjörður
9. Akureyri
10. Egilsstaðir
11. íþróttadeild (heyrir undir hljóðvarp og sjónvarp).

### Aðalskrifstofa hljóðvarps

Skrifstofan sér um margs konar skýrslugerð, skráningarvinnu og úrvinnslu tölulegra upplýsinga. Í því sambandi má nefna, bókhaldsmerkingu fylgiskjala, upplestrar og leiklistarskrá, höfundaspjaldskrá o.fl.

Allur póstur útvarps berst aðalskrifstofu hljóðvarps og er hann flokkaður þar og sendur viðkomandi deildum.

### Fréttastofa hljóðvarps

Fréttastofa hljóðvarps aflar fréttu innanlands og utan. Hún annast úrvinnslu frétttaefnis. Ennfremur vinna starfsmenn fréttastofunnar að viðtöllum og fréttaaukum.

Fréttastofan sér um 17 fréttatíma á dag og 2 á nóttru. Fréttastofan sér um stuttbylgjubjónustu. Hún sér einnig um fréttasendingar til Íslendingafélaga erlendis og dreifar sneldum með fréttum erlendis. Á sumrin sér fréttastofan um fréttapætti á ensku fyrir erlenda ferðamenn.

### Dægurmáladeild

Deildinni er ætlað að sjá um dagleg málefni sem falla utan hefðbundins fréttaramma.

Deildin sér um stóran hluta af efni Rásar 2.

Deildin sér um margskonar hlustendaþjónustu.

#### Tónlistadeild

Deildin sér um alla tónlistardagskrá Ríkis-útværpsins. Á deildinni er valin tónlist í dagskrárlíði, upptökur og tónlistardagskrá.

Á deildinni er farið yfir tónlistarskýrslur. Skýrslurnar eru m.a. notaðar við útreikninga á STEF gjöldum.

Stórsveit Ríkisútværpsins heyrir undir deildina. Tónlistardeild hefur einnig rétt á 25 starfsdögum Sinfóniuhljómsveitarinnar á ári.

#### Fræðslu- og skemmtideild

Deildin er framleiðsludeild fyrir allt talað mál nema fréttir, leikrit og þætti fyrir börn og unglings. Deildin sér um mótuð dagskrár og öflun dagskrárefnis frá aðilum utan stofnunarinnar. Einnig sér deildin um skemmtipætti og gerð dagskrárpáttu af ýmsum toga.

#### Barna- og ungingadeild

Deildin sér um dagskrárgerð fyrir börn og unglings allt að 20 ára aldri. Á deildin samstarf við leiklistardeild hvað varðar val á leikritum fyrir pennan aldurshóp og samstarf við tónlistardeild um val á tónlist. Einnig er samstarf við fræðslu- og skemmtideild varðandi sérstök verkefni.

#### Leiklistadeild

Deildin sér um skipulagningu og flutning leikrita í hljóðvarpi. Deildin sér um greiðslur til leikara, leikstjóra, tónskálða og þyðenda.

#### Sjónvarp

Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með daglegum rekstri sjónvarpsins.

Hann sér um stjórn dagskrágerðar og samningu dagskrár í samvinnu við deildarstjóra dagskrárdeilda, ritstjórn dagskrár og kynningu hennar.

Framkvæmdastjórinn annast gerð kostnaðaráætlunar sjónvarpsins, fjármálalegt eftirlit, ákvarðar gjaldskrá með hliðsjón af ákvörðunum gjaldskrárnefndar og sér um útboð verkefna.

Framkvæmdastjóri á sæti í framkvæmdastjórn Ríkisútværpsins og er hann fulltrúi sjónvarpsins á útværpsráðsfundum.

Honum til aðstoðar er aðstoðarframkvæmdastjóri sjónvarps.

Undir framkvæmdastjóra sjónvarps heyra eftirtaldar deildir:

1. Aðalskrifstofa sjónvarps
2. Fréttastofa sjónvarps
3. Innkaupa- og markaðsdeild
4. Innlend dagskrágerðardeild
5. Leikmyndadeild
6. Íþróttadeild ( heyrir einnig undir hljóðvarp).

### **Aðalskrifstofa sjónvarps**

Aðalskrifstofa sjónvarps sér um samskipti við norrænu sjónvarpsstöðvarnar (Nordvision) og samband evrópskra sjónvarpsstöðva. Skrifstofan sér um fyrirgreiðslu við erlenda sjónvarpsmenn. Hún sér um pantanir á efni, tollafreiðslu þess og endursendingu að notkun lokinni.

Skrifstofan sér um almenn skrifstofustörf fyrir tæknideild.

Allur póstur sjónvarps berst aðalskrifstofu og er hann flokkaður þar og sendur viðkomandi deildum.

Tækjapantanir, innflutningur og viðgerðarsendingar fara í gegnum aðalskrifstofu.

Aðalskrifstofa annast uppáskrift reikninga, ásamt framkvæmdastjóra sjónvarps.

Símvarsla, húsvarsla, mótneyti, ræsting og rekstrarskrifstofa heyra til aðalskrifstofu.

### Fréttastofa sjónvarps

Hlutverk fréttastofu er að afla innlendra og erlendra fréttu og búa þær til flutnings í sjónvarpi. Starfsviðið tekur til móttöku fréttæfnis, öflunar fréttu, úrvinnslu o.fl.

### Innkaupa- og markaðsdeild

Innkaupa- og markaðsdeild er skipt í fjögur svið: Innkaupasvið, markaðssvið, þýðingarsvið og skrifstofusvið. Deildin annast innkaup á öllu erlendu sjónvarpsEfni öðru en íþróttum og fréttæfni og er það starf í stórum dráttum fólgíð í skoðun, vali og dagskrársetningu sem og þýðingum, textun og/eða lestri á erlendu efni. Yfirþýðandi ásamt starfsfólki heyrir til innkaupa- og markaðsdeilda.

Markaðssvið deildarinnar annast framleiðslu og sölu á innlendu sjónvarpsefni á myndböndum, hvers konar viðskipti við innlenda og erlenda aðila með framleiðslu Sjónvarpsins og sér um rekstur verslunar með eigin myndbönd og aðkeypt.

### Innlend dagskrárgerðardeild

Deildin ber fram tillögur og gerir áætlanir um dagskrá sjónvarpsins.

Hún framleiðir innlent efni í dagskrá sjónvarpsins.

Ennfremur skoðar hún og gerir tillögur um kaup á íslensku efni fyrir sjónvarpið.

Deildin gerir tillögur um og undirbýr útboð einstakra dagskrárverkefna skv. ákvörðun skrifstofu framkvæmdastjóra.

### Leikmyndadeild

Deildin sér um hönnun leikmynda, uppsetningu og frágang. Hún sér um hönnun búninga, búningagerð, förðun, hárgreiðslu, hárkollu-og maskagerð sem og það sem lýtur að leikmunum.

Deildin sér um leikmuna- og búningasafn Ríkis-útværpsins. Ennfremur annast leikmyndadeild grafiska þjónustu fyrir Ríkisútvarið.

Hún þjónar einungis dagskrárgerð, þ.e. Innlendri dagskrárgerðardeild og fréttastofu.

### íþróttadeild

Deildin sér um íþrótttafréttir í hljóðvarpi og sjónvarpi, gerð íþróttabátta og beinar lýsingar frá íþróttaviðburðum og samskipti við innlenda og erlenda aðila tengdum þessum málum.

íþróttadeild er sameiginleg fyrir hljóðvarp og sjónvarp og heyrir hún undir framkvæmdastjóra beggja miðla.

### Tæknideild

Framkvæmdastjóri tæknideilda er yfirmaður deildarinnar og hefur hann yfirumsjón með rekstri hennar. Hann annast gerð kostnaðaráætlunar deildarinnar og fjármálalegt eftirlit. Hann á sæti í framkvæmdastjórn Ríkisútværpsins

Undir framkvæmdastjóra tæknideilda heyra eftirtaldar deildir:

1. Rekstrardeild sjónvarps
2. Rekstrardeild hljóðvarps
3. Hljóðtækjadeild
4. Myndtækjadeild.

Rekstrardeild hljóðvarps og hljóðtækjadeild eru til húsa í Útvarpshúsinu við Efstaleiti, en aðrar tæknideildir eru á Laugavegi 176.

### Rekstrardeild sjónvarps

Deildin sér um upptökur og úrvinnslu á sjónvarps-efni og útsendingu. Deildin starfar í nánu samráði við dagskrárdeildir.

Unnið er á deildinni eftir vaktafyrirkomulagi.

Undir rekstrardeild heyra þrjár undirdeildir:

1. Upptöku- og útsendingardeild
2. Myndbanda- og skannadeild
3. Kvíkmyndadeild.

Hins vegar er verið að breyta deildaskiptingunni og verður hún:

1. Upptökudeild
2. Myndbandadeild
3. Fréttu- og útsendingardeild.

### Kvikmyndadeild

Deildin sér um upptökur fyrir dagskrárdeildir og fréttastofu sjónvarps. Einnig sér hún um tæknilegu hliðina á úrvinnslu frétta og útsendingu þeirra.

Deildin mannar hljóðstúdió, en í því fer fram hljóðvinnsla á innlendu og erlendu efni.

Deildin sér um upptökur fyrir erlendar sjónvarpsstöðvar.

### Upptöku- og útsendingardeild

Deildin sér um upptökur í upptökusal sjónvarps, p.e. tæknilega vinnslu, og um upptökubifreið sjónvarpsins sem oft er nefnd OB-bifreið.

Deildinni er skipt í upptökudeild og útsendingardeild.

Upptökudeild annast stúdió og OB-upptökur. Fullskipað upptökulið er tæknistjóri, hljóðmaður, myndveljari, ljósa- og aðstoðar ljósamaður, 3 myndatökumenn og sviðstjóri.

Útsendingardeild sér um að senda út alla dagskrá sjónvarps í samvinnu við myndbanda og skannadeild. Í henni starfa þrír útsendingarstjórar, þrír myndveljarar og þrír hljóðmenn. Hálft starf myndveljara og um þriðjungur af starfi hljóðmanna hefur verið þjónusta við fréttastofu.

### Myndbanda- og skannadeild

Verkefni deildarinnar skiptast í eftirfarandi þætti:

1. Upptöku
2. Eftirvinnslu
3. Frágang á erlendu efni, p.e. textun
4. Útsendingu (afspilun).

Deildin annast alla vinnu við myndbönd. Deildin sér um alla útsendingu (afspilun) frá stúdiói og OB-bifreið og alla tækniskoðun á erlendu efni. Einnig sér hún um alla eftirvinnslu á uppteknu efni svo sem klippingu og upptöku frá stúdiói.

### **Rekstrardeild hljóðvarps**

Hlutverk rekstrardeilda hljóðvarps er hliðstætt við hlutverk rekstrardeilda sjónvarps. Þar fara fram upptökur, úrvinnsla og útsending, þ.e. tæknilegi hlutinn. Deildin starfar í nánu samráði við dagskrár-deildir.

### **Hljóðtækjadeild**

Deildin skiptist í hljóðhönnun og hljóðverkstæði.

Hljóðhönnun sér um hönnun, áætlanagerð, innkaup og verkstjórn við uppsetningu og prófun.

Hljóðverkstæði sér um viðhald á hljóðtækjum og skyldum búnaði.

### **Myndtækjadeild**

Myndtækjadeild skiptist í hönnun, verkstæði og smiðju. Verkefni deildarinnar er hönnun á lögnum og tækjum, viðhald og viðgerðir.

## VI. FJÁRMÁL RÍKISÚTVARPSINS

Á árinu 1985 varð tap á starfsemi Ríkisútværpsins 6,3 milljónir króna. Með nýju útværpslögnum 1986 breyttist staða stofnunarinnar verulega. Með tilkomu nýrra hljóðvarpstöðva og Stöðvar 2 fer að halla undan fæti. Tap á rekstrinum varð um 142 milljónir króna 1986 og skv. bráðabirgðauppgjöri fyrir árið 1987 er tap á rekstrinum um 222,5 milljónir króna.

Útsending dagskrár lengdist um 50% bæði hjá hljóðvarpi og sjónvarpi frá árinu 1985 til haustmánaða 1987.

Með lánsfjárlögum 1987 og 1988 var ákveðið að Ríkisútværpið fengi ekki tekjur, sem voru aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum, sem fjármálastjóri áætlar um 250 milljónir króna 1987.

Greiðslustaða stofnunarinnar er afar slæm. Kemur það m.a. fram í eftirfarandi:

Lausaskuldir í mars 1988 voru um 350 milljónir króna, þar af var yfirdráttur á hlaupareikningi 130 milljónir króna eða um 30 milljónir króna umfram yfirdráttarheimild. Skuld við launadeild var um 176 milljónir króna og skuld við Póst og síma um 30 milljónir króna.

### Tekjur

Helstu tekjustofnar Ríkisútværpsins eru nú afnotagjöld og auglýsingatekjur. Tekjur af aðflutningsgjöldum hljóðvarps- og sjónvarpstækja féllu niður á árinu 1987.

Auglýsingatekjur hafa dregist verulega saman, sbr. eftirfarandi (Sjá ennfremur fskj. 1):

#### Auglýsingatekjur (nettó) 1985 - 1987

Fjárhæðir i m.kr.	<u>1985</u>	<u>1986</u>	<u>1987</u>
Ár:			
Verðlag í mars 1988			
Sjónvarp	230	202	166
Hljóðvarp	<u>349</u>	<u>281</u>	<u>183</u>
Samtals	579	483	349
Verðlag hvers árs	344	358	303

Auglýsingatekjur Ríkisútværpsins drögust saman um 96 milljónir króna milli áranna 1985 og 1986, eða um 16,5%.

Auglýsingatekjur ársins 1987 voru um 230 milljón krónum lægri en árið 1985 og nemur sá samdráttur um 39,7%. (Þessar tölur eru á mars verðlagi 1988).

Með aukinni samkeppni hefur afsláttur af auglýsingum aukist. Á árinu 1987 fóru 12,3% heildartekna af auglýsingum í afslátt og þjónustulaun. Frá auglýsingastofum koma 80 - 90% af auglýsingatekjum sjónvarps.

Önnur afleiðing samkeppninnar var að veruleg lækkun varð á einingaverði auglýsinga (Sjá fskj. 4 og 5).

#### Afnotagjöld 1985 - 1987.

##### Fjárhæðir í millj. kr.

Ár:	<u>1985</u>	<u>1986</u>	<u>1987</u>
Verðlag í mars 1988	596	519	682
Verðlag hvers árs	354	384	593

Tekjur Ríkisútværpsins af afnotagjöldum drögust saman um 77 milljónir króna milli áranna 1985 og 1986, eða um 13%. Hins vegar voru tekjur vegna afnotagjaldar 86 milljónum króna hærri 1987 en árið 1985 og nemur sú aukning 14%. (Þessar tölur eru á mars verðlagi 1988).

Afnotagjöld hækkuðu ekki á tímabilinu 1.1.'86-1.7.'87, en þá varð 40% lækkun og aftur 20% lækkun 1. október sama ár. Í tengslum við þessar hækkanir var hafin útsending sjónvarps á fimmtudagskvöldum sem leiddi til 15% útgjaldaauknningar. Jafnframt fylgdu skuld-bindingar um aukna framleiðslu á innlendu efni.

Hvert heimili greiðir eitt afnotagjald af einu sjónvarpi og einu hljóðvarpi þó að til séu fleiri tæki á heimilinu. Afnotagjöld eru innheimt með gíró fjórum sinnum á ári. Lögfraðingar utan stofnunarinnar annast innheimtu vanskilaskulda. Afnotagjöld eru innheimt á grundvelli stofnskrár. Samkvæmt henni var fjöldi notenda 75.023 í mars 1988.

Menntamálaráðherra staðfestir útvarpsgjald að fengnum tillögum útvarpsstjóra. Sá viðtækjaeigandi sem aðeins getur nýtt sér svart/hvít móttöku sjónvarpsefnis greiðir 90% útvarpsgjalds og sá sem einungis getur nýtt sér hljóðvarpssendingar greiðir 30% útvarpsgjalds. Nokkrar undantekningar eru frá þessari reglu, sbr. ellí- og örorkulifeyrispaga. Innheimtudeild Ríkisútvarpsins sér um innheimtu afnotagjalfa og skráningu viðtækja. Upplýsingar um viðtæki berast frá söluaðilum slikra tækja, umboðsmönnum Ríkisútvarpsins og þeim einstaklingum sem kaupa og selja tæki. Upplýsingar þessar eru geymdar í skrá sem kölluð er stofnskrá. Ekki hefur gengið nóg vel að halda utan um stofnskrá og annast viðhald hennar. Helstu ástæður eru þær að söluaðilar skila ekki reglulega söluskyrslum til innheimtudeilda og breyting á reglugerð þess efnis að sami notandi megi eiga fleiri en eitt sjónvarpstæki hefur valdið því að nýir notendur hafa skráð tæki sín á eldri notendur og þannig komist fram hjá innheimtukerfinu.

#### Rekstrarrafkoma 1985 - 1987 og horfur 1988.

Rekstrarrafkoma Ríkisútvarpsins hefur farið versnandi frá árinu 1985, samanber eftirfarandi:

Fjárhæðir í millj. kr.  
Verðlag hvers árs.

	<u>1985</u>	<u>1986</u>	<u>1987</u>
Rekstrartekjur	716,3	808,4	813,9
Rekstrargjöld	722,6	950,9	1.036,4
Rekstrartap	- 6,3	-142,5	-222,5

Tap frá árinu 1985 er því samanlagt um 370 milljónir króna á verðlagi hvers árs.

Helstu ástæður þessarar neikvæðu þróunar eru:

1. Með aukinni samkeppni hafa auglýsingatekjur dregist verulega saman.
2. Afnotagjöld hækkuðu ekki á tímabilinu 1.1. 1986 - 1.7. 1987, en á sama tíma hækkaði verðlag um 30%.
3. Dagskrárútsending lengdist um 50% bæði hjá hljóðvarpi og sjónvarpi frá árinu 1985 til haustmánaða 1987.

Eftirfarandi tafla sýnir rekstrartekjur og rekstrargjöld hljóðvarps og sjónvarps 1985 - 1987.

### Hljóðvarp

Fjárhæðir í millj. kr.

	<u>1985</u>	<u>1986</u>	<u>1987</u>
Rekstrartekjur	317,4	338,9	302,8
Rekstrargjöld	316,6	393,1	425,2
Rekstrarhagnaður/tap	0,8	-54,2	-122,4

### Sjónvarp

	<u>1985</u>	<u>1986</u>	<u>1987</u>
Rekstrartekjur	398,9	469,5	511,1
Rekstrargjöld	406,0	557,8	611,3
Rekstrartap	- 7,1	-88,3	-100,2

Rekstrargjöld hækkuðu svipað hjá hljóðvarpi (8,2%) og sjónvarpi (9,6%) milli áranna 1986 og 1987.

Rekstrartekjur jukust hjá sjónvarpi 1986/1987 um 8,9% en aftur á móti lækkuðu tekjur hljóðvarps milli áranna um 10,7%. (Sjá fskj. 2).

Þróun tekna á síðustu 3 árum og horfur 1988 leiða til þess að hlutfall auglýsinga og afnotagjalds sem var 49/51 1985 stefnir í 25/75 á árinu 1988.

Samanburður á auglýsingatekjum (nettó) og tekjum af afnotagjöldum á verðlagi hvers árs.

<u>Ár</u>	<u>Afnota- gjöld</u>	<u>Auglýs. tekjur</u>	<u>Samtals</u>	<u>Augl.tekj. % af heild</u>
1985	354	344	698	49,3
1986	384	358	742	48,2
1987	593	303	896	33,8
1988 ( - 30.4)	293	106	399	26,6

(Sjá ennfremur fskj. 3).

Rekstraryfirlit sem nær yfir fyrstu fjóra mánuði ársins 1988 sýnir að verulegur bati hefur orðið í rekstri Ríkisútværpsins. Er rekstrarafgangur 13,6 milljónir króna á móti 74,4 milljóna króna tapi á sama tímabili árið 1987. (Sjá fskj. 6.).

Afkoman fyrstu fjóra mánuði ársins gefur ekki raunhæfa mynd miðað við árið í heild, þar sem allir mánuðir vega jafnt í áætluninni en dagskrárverkefnum fjölgar á síðari helmingi ársins. Ennfremur má geta þess að rekstraryfirlitin eru á greiðslugrunni.

Samkvæmt fjárlögum verða tekjur Ríkisútværpsins 1437 milljónir króna á árinu 1988 að meðtöldu framlagi í framkvæmdasjóð. Gert er ráð fyrir jöfnuði í rekstri á árinu. Í áætluninni var gert ráð fyrir 13% hækjun afnotagjalds 1. janúar, 10% hækjun afnotagjalds 1. apríl 1988 og 10% hækjun 1. júlí næstkomandi, þannig að hækjunin yrði 15% umfram verðlagshækjun sem er ein forsenda fjárlaga um Ríkisúvarpið. Hækjun sem koma átti til framkvæmda 1. apríl fékkst ekki. Einnig er gert ráð fyrir 10% raunhækjun auglýsingatekna.

Með þessu var stefnt að því að bæta greiðslustöðu Ríkisútværpsins um 40 milljónir króna á ársfjórðungi og rétta við fjárhagsstöðu stofnunarinnar á næstu tveimur árum.

Ekki verður séð að Ríkisúvarpið nái settum markmiðum ef ekki verður af hækjun afnotagjalds eins og fjárlög 1988 gera ráð fyrir.

### Áætlanagerð

Áætlanagerð hefur aukist hjá Ríkisútvarkinu undanfarin ár og er hún undirstaða kostnaðarlegs aðhalds og grundvöllur þeirra ákvarðana sem teknar eru, sem og mikilvægt stjórntæki. Fjármáladeild hefur séð um gerð fjárhagsáætlunar fyrir stofnunina í heild. Starfsmanni hagdeilda, deildarviðskiptafræðingi, hefur verið ætlað að sjá um þá hlið mála og vera hverri deild til aðstoðar við gerð hennar. Hins vegar hefur hagdeild verið óvirk að meira eða minna leyti þar sem stofnuninni hefur haldist illa á mönnum. Undanfarna átta mánuði hafa þrír viðskiptafræðingar unnið í deildinni. Afleiðingin er sú að gerð fjárhagsáætlunar og samanburður hennar við rauntölur, ásamt kynningu á deildarstjórafundum hefur að verulegu leyti hvilt á aðkeyptri ráðgjafþjónustu.

Áætlana- og eftirlitskerfi hefur til skamms tíma verið veikt innan stofnunarinnar. Auk þess sem hagdeild hefur verið óvirk hafa mánaðarleg rekstraryfirlit frá bókhaldi borist seitn og litið verið notuð sem stjórntæki. Aðstoð við deildir hvað varðar áætlanagerð hefur verið ófullnægjandi. Árið 1987 var einungis hluta af yfirvinnukostnaði tæknideilda dreift á deildirnar. Ekki var farið eftir þeim reglum sem í gildi voru heldur var þetta gert á handahófskenndan hátt.

Verið er að endurbæta áætlana- og eftirlitskerfi fyrir stofnunina í heild og verður þá hægt að bera raunkostnað saman við áætlun, greina frávik og gripa inn í nógu fljótt ef einstakar deildir stefna eða fara út fyrir þann ramma sem þeim er ætlaður. Með því átti stjórnunareleg og fjárhagsleg ábyrgð að fara betur saman og upplýsingastreymi að batna innan stofnunarinnar. Miklar breytingar áttu sér stað í bókhaldi um áramótin þegar BÁR - kerfið var tekið í notkun. Mun það verða hornsteinn áætlanagerðar í stofnuninni.

Stofnunin hefur búið við fjárhagslega óvissu frá hendi löggjafans. Aðlögunartimi vegna niðurfellingar tekjustofns í formi aðflutningsgjalda var skammur, sem olli því að erfiðara var fyrir stofnunina að bregðast við tekjutapinu með viðunandi hætti. Einnig hefur framkvæmdavaldið stöðvað hækjun afnotagjalda sem heimiluð var í fjárlögum. Hækjunin átti að koma til framkvæmda 1. apríl 1988.

Til skamms tíma hefur dagskrárrammi ekki legið fyrir með löngum fyrirvara og hefur það gert deildum erfiðara fyrir en nauðsynlegt er. Innkaupa- og markaðsdeild kaupir efni langt fram í tímann og veldur það henni vandræðum ef verið er að hníka til dagskrá með skömmum fyrirvara.

### Aðkeypt ráðgjafapjónusta

Ekki er nægjanlega vel staðið að aðkeyptri ráðgjafapjónustu hjá stofnuninni. Ráðgjafafyrirtæki hafa starfað án fullnægjandi skriflegra verksamninga og án þess að verksvið þeirra hafi verið skilgreind.

Starfsmaður frá ráðgjafafyrirtæki á sviði fjármála hefur starfað að áætlanagerð og verið fjármálastjóra til aðstoðar í ýmsum málum. Frá ársbyrjun 1986 til 1.3. 1988 hefur ráðgjafinn fengið greiddar samtals 3.293 klukkustundir.

	1986	1987	1988	Samtals
Klukkustundir	1.296	1.676	321	3.293
Greiðslur í þús. kr. (á verðlagi hvers árs).	1.685	2.968	656	5.209
Útseld kl.st. (meðalv.)	1.300	1.711	2.044	

Það eru einkum tvær ástæður fyrir þessari miklu vinnu ráðgjafans:

1. Hagdeild hefur að miklu leyti verið óvirk.
2. Fjármálastjóri hefur verið ofhlaðinn störfum. Til dæmis hafa byggingaframkvæmdir og þung greiðslustaða tekið mikið af tíma hans.

Ráðgjafafyrirtæki á sviði tölvumála hefur unnið að tölvumálum fyrir stofnunina. Á árunum 1985 - 1987 hefur það fengið greiddar 5.433 klukkustundir eða samtals 7,7 milljónir króna á verðlagi hvers árs samanber eftirfarandi töflu:

	1985	1986	1987	Samtals
Klukkustundir	884,5	2.182,5	2.366	5.433
Greiðslur í þús. kr. (á verðlagi hvers árs).	879	2.547	4.291	7.717
Útseld kl.st. (meðalv.)	994	1.167	1.813	

Á árinu 1988, þ.e. til 1.5. 1988 hefur ráðgjafafyrirtækið fengið greiddar um 1,2 milljónir króna. Það hefur m.a. unnið að kerfi fyrir fréttastofur, innheimtukerfi, auglysingakerfi og útlánakerfi fyrir safnadeild.

### Kaup- og fjármögnunarleiga

Á árunum 1985 - 1987 hefur Ríkisútvartpið keypt á kaupleigukjörum tækjabúnað fyrir um 188 milljónir króna. Einnig var hluti af tækjabúnaði Ríkisútvartsins seldur fjármögnunarfyrirtæki og síðan leigður af því aftur.

Sjá eftirfarandi töflu:

Fjárhæðir í þús. kr.

### Kaup- fjármögnunarleigusamningar 1985 - 1987

Nr. samn.	Dagsetn.	Heiti hins leigða	Nafnverð	Mars verðlag
1026-1	16.10.'85	Tölvubúnaður	5.367	8.343
	15.05.'86	Upptökubifreið	35.598	48.922
1)	18.06.'86	Tæki og búnaður	49.709	57.989
87000028	10.03.'87	Símstöð	9.018	10.996
87000095	10.04.'87	Segulbandstæki	4.579	5.485
87000118	28.04.'87	Vararafstöð	6.980	8.361
87000148	12.05.'87	Starfsstöð	4.488	5.315
87000266	30.06.'87	Tæki og búnaður	36.537	<u>42.623</u>
		Samtals		<u>188.034</u>
				=====

1) Tækjabúnaður, sem var í eigu Ríkisútvartsins, seldur og síðan leigður af fjármögnunarfyrirtæki.

### Menningarsjóður útvarpsstöðva

Menningarsjóður útvarpsstöðva tók til starfa í febrúar 1986, sbr. lög nr. 68/1985.

Hlutverk sjóðsins er að veita framlög til eflingar innlendri dagskrárgerð, þeiri er verða má til menningarauka og fræðslu.

Stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva er skipuð til tveggja ára í senn og sitja í henni þrír menn.

Tekjur Menningarsjóðs útvarpsstöðva eru sérstakt 10% menningarsjóðsgjald sem lagt er á allar auglýsingar í útvarpi. Af þessu gjaldi á að greiða hlut Ríkisútvartsins í rekstrarkostnaði Sinfóniuhljómsveitar Íslands áður en til úthlutunar á styrkjum til útvarpsstöðva kemur.

Á árunum 1950 - 1956 var Sinfóniuhljómsveit Íslands rekin í nánum tengslum við Ríkisútvartpið. Frá 1956 - 1961

var gerð tilraun til að reka hana sem sjálfstæða stofnun. Voru fjárhagserfiðleikar hennar miklir á þessum árum. Árið 1961 tók Ríkisútværpið að sér að annast rekstur Sinfóniuhljómsveitarinnar að nýju. Jafnframt var ákveðið að fleiri aðilar skyldu greiða rekstrarkostnaðinn að frádregnum eigin tekjum Sinfóniuhljómsveitarinnar. Í raun var um endurgreiðslu á útlögðum kostnaði að ræða en ekki ákveðin framlög. Frá árinu 1971 voru þessir aðilar Ríkissjóður, Borgarsjóður Reykjavíkur og Ríkisútværpið. Siðar bættist Bæjarsjóður Seltjarnarness við og skiptist rekstrarkostnaðurinn þá á milli aðila í eftirfarandi hlutföllum:

Ríkisútvarp	25%
Borgarsjóður Reykjavíkur	18%
Bæjarsjóður Seltjarnarness	1%
Ríkissjóður	<u>56%</u>
	<u>100%</u>
	====

Tekjur sjóðsins í formi menningarsjóðsgjalds eru 87,6 milljónir króna á árunum 1986 og 1987, en framlög úr sjóðnum á sama tímabili eru 94,4 milljónir króna. Er skýring á þessum mismun vaxtatekjur að frádregnum rekstrarkostnaði við sjóðinn.

#### Eftirfarandi tafla sýnir tekjur og framlög Menningarsjóðs útvarpsstöðva fyrir árin 1986 - 1987

Tölur í þúsundum króna	M.sj.gjald		Samtals	Framlag	Mismunur	% af gjaldi
	1986	1987				
Ríkisútværpið	28.012,7	37.285,8	65.298,5	28.264,0	-37.034,5	43,3%
Íslenska sjónvarpsfél. h.f.	719,4	9.154,2	9.873,6	7.750,0	-2.123,6	78,5%
Íslenska útvarpsfél. h.f.	1.437,2	10.339,7	11.776,9	14.015,0	2.238,1	119,0%
Hljóðvarp h.f.		300,0	300,0		-300,0	0,0%
Eyfirska sjónvarpsfél. h.f.		329,1	329,1	400,0	70,9	121,5%
Tækifærísútvarp		14,0	14,0		-14,0	0,0%
Skólaútvörp		4,0	4,0		-4,0	0,0%
Sinfóniuhljómsveit Íslands			0,0	43.963,0	43.963,0	
	30.169,3	57.426,8	87.596,1	94.392,0	6.795,9	107,8%
	=====	=====	=====	=====	=====	=====

Samkvæmt ofangreindri töflu er mismunur á menningarsjóðsgjaldi og framlagi Ríkisútværpsins um 37 milljónir króna. Að viðbættum dráttarvöxtum sem eru um 6,3 milljónir króna er mismunur því um 46,3 milljónir kr. sem er svipuð upphæð og nam framlagi Menningarsjóðs til Sinfóniuhljómsveitar Íslands 1986 og 1987.

Ef framlagi Menningarsjóðs er hins vegar skipt hlutfallslega eftir menningarsjóðsgjaldi er hlutur Ríkisútværpsins um 74,5% eða um 33 milljónir króna.

í reglugerð nr. 69/1986 kemur fram að sjóðurinn skuli greiða hlut Ríkisútværpsins í rekstrarkostnaði Sinfóniu-hljómsveitarinnar áður en til úthlutunar á styrkjum eða öðrum framlögum kemur. Í umræðum á Alþingi um sjóðinn kom fram að honum var ætlað að léttu þeim bagga af Ríkisútvarpinu, sem Sinfóniu-hljómsveitin er, til að það stæði frekar jafnfætis öðrum útværpsstöðvum í samkeppninni. Ríkisútvarpíð hefur aðeins fengið 43,3% af því gjaldi sem það hefur greitt í sjóðinn, en íslenska útværpsfélagið hefur fengið 119% eða meira en það hefur greitt og íslenska sjónvarpsfélagið hefur fengið til baka 78,5% af þeirri upphæð sem það hefur greitt í sjóðinn.

Menningarsjóður útværpsstöðva hefur reynst Ríkisútvarpinu þungur fjárhagsbaggi þar sem það hefur eitt útværps- og sjónvarpsstöðva verið látið bera kostnaðinn af rekstri Sinfóniu-hljómsveitarinnar.

Menningarsjóðsgjaldið er söluskattskylt og rýrir sá skattur það fjármagn sem fyrir hendi er til dagskrárgerðar. Auk þess fylgir nokkur kostnaður starfsemi sjóðsins sem rýrir fjárveitingar hans enn frekar.

### Framkvæmdasjóður Ríkisútværpsins

Verkefni framkvæmdasjóðs eru að tryggja viðunandi húsnæði og búa það húsbúnaði. Ennfremur að standa undir kaupum á tæknibúnaði og nýjum framkvæmdum við dreifikerfi.

Framkvæmdasjóður Ríkisútværpsins hefur m.a. fjármagnað byggingu Útvarpshúss að Efstaleiti 1. Í lögum nr. 68/1985 kemur fram að tekjustofnar sjóðsins eru 10% af brúttótekjum stofnunarinnar og aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum.

Á árinu 1986 voru tekjur sjóðsins sem hér segir:

	Fjárhæðir millj. kr.	% af heild
Aðflutningsgjöld skv. 32. gr. útv.laga.	153,6	65,2
10% af brúttó tekjum stofnunarinnar.	80,8	34,3
Aðrar tekjur	1,2	
Samtals	235,6	100,0

Með lánsfjárlögum 1987 var ákveðið að Ríkisútvarpið fengi ekki framlag sem nam aðflutningsgjöldum sbr. töflu hér fyrir framan. Samkvæmt upplýsingum fjármálastjóra voru tekjur þessar áætlaðar um 250 milljónir kr. á árinu 1987.

Tekjur sjóðsins hafa lækkað verulega frá árinu 1986 þar sem 65% af tekjustofni sjóðsins hefur fallið niður. Í fjárlögum 1988 er gert ráð fyrir að tekjur sjóðsins verði 141 milljón kr. á árinu 1988 sem er eingöngu 10% gjald af brúttótekjum Ríkisútvarpsins.

## VII. STARFSMANNAMÁL

Starfsmannastjóri sér um starfsmannamál stofnunarinnar, en um það bil 370 starfsmenn eru á launaskrá.

Framkvæmdastjórar deilda hafa samband við starfsmannastjóra vegna mannaráðninga og uppsagna. Starfsmannastjóri sér um allar auglysingar eftir starfsfólki. Framkvæmdastjórar sjá hins vegar um ráðningu starfsfólks á sínum deildum.

Fjarvistarskráning fer fram hjá starfsmannastjóra.

í störfum hjá Ríkisútvarkinu eru 65 starfsmenn án stöðuheimilda.

Eftirfarandi er yfirlit yfir stöðugildi, heimiluð stöðugildi, lausráðið starfsfólk og tímavinnufólk:

	Heimiluð stöðugildi	Stöðu- gildi	Laus- ráðnir	Samtals	Frávik	Annað
Hljóðvarp	50,15	45,75	36,75	82,50	-32,35	3
Sjónvarp	74,00	65,50	23,00	88,50	-14,50	24
Tæknideild	82,00	44,00	50,00	94,00	-12,00	1
Sameiginlegt	<u>59,0</u>	<u>55,18</u>	<u>10,50</u>	<u>65,68</u>	<u>- 6,68</u>	<u>16</u>
	265,15	210,43	120,25	330,68	-65,53	44
	=====	=====	=====	=====	=====	=====

Heimild: Starfsmannaskrá Ríkisútvarpsins  
maí. 1988


Sjá enn fremur fylgiskjal nr. 7.

Það verður að teljast útilokað að einn starfsmaður geti sinnt þessum málum svo að vel sé í 370 manna stofnun. Enda hafa ýmis störf starfsmannastjóra lagst á fjármáladeild. Ríkisendurskoðun telur að styrkja þurfi bessa deild og eðlilegra sé að hún heyri undir fjármáladeild fremur en útvarpsstjóra.

Fylgiskjöl

- 1 Auglýsingatekjur sjónvarps- og hljóðvarps 1985-1987.
- 2 Rekstrarafkoma hljóðvarps- og sjónvarps 1985-1987.
- 3 Samanburður auglýsingatekna og afnotagjalda 1985-1987.
- 4 Verðbreytingar sjónvarpsauglýsinga ( 60 sek. )
- 5 Verðbreytingar á lesnum auglýsingum 1986 - 1988.
- 6 Sameiginlegur rekstrarreikningur fyrstu fjóra mánuði ársins 1988.
- 7 Starfsmannaskrá Ríkisútvarpsins.


# AUGLÝSINGATEKJUR, SUÓNVARPS OG HLJÓÐVARPS 1985 – 1987




Mars verðlag 1988.(áanskj.vísitala)

FSKJ. 1


## Rekstrarfarkoma sjónvarps 1985 – 1987



## Rekstrarafkoma hljódvarps 1985 - 1987




# SAMANBURÐUR AUGLÝSINGATEKNA OG AFNOTAGJALDA 1985 – 1987



Verðlag hvers árs


FSKJ. 3

SJÓNVARPSAUGLÝSING ( 60 SEK. )  
VERÐHEKKANIR SAMANBORID VID LÁNSKJARAVÍSITÖLU



## LESNAR AUGLÝSINGAR

### VERÐHEKKANIR SAMANBORÐ VIÐ LÁNSKJARAVÍSITÖLU



FSKJ. 5

## Sameiginlegur rekstrarreikningur tímabilið 01.01 - 30.04. 1988

Tölur í þús.kr.

REKSTRARTEKJUR:

Afnotagjöld	292.595
Auglýsingatekjur	145.450
Menningarsjóðsframlag	19.739
Menningarsjóðsgjald	-10.578
Sóluskattur	-29.090
Framkvæmdasjóður	<u>-41.812</u>
	<u>376.304</u>

REKSTRARGJÖLD:

Dagskrárdeildir	174.061
Þjónustudeildir	79.583
Stjórn. og viðskiptadeildir	32.793
Yfirstjórn og fjármáladeild	43.270
Samtals allar deildir	329.707
Framlegð	46.597
Afskriftir	-26.800
Kaupleiga	-20.000

Fjármagnsliðir:

Fjármagnstekjur	27.987
Fjármagnsgjöld	-10.715
Hagnaður af reglulegri starfsemi	17.070

Óreglulegar tekjur og gjöld(-):

Tekjur	1.457
Gjöld	-826
Afskrifaðar tapaðar auglýs.skuldir	<u>-4.137</u>
Óreglulegar tekjur og gjöld samtals	<u>-3.506</u>

Rekstrarafgangur	13.564
	<u>=====</u>

## STÓDUGILDI Í SJÓNVARPI Í MAÍ 1988.

Deild	Heimiliuð stöðug.	Stöðu- gildi	Laus- ráðnir	Samtals Frávik	Annað
Skrifstofa framkvæmdastjóra	2,00	2,00	1,00	3,00	-1,00
Dagskrárritstjóri	1,00	1,00		1,00	0,00
Aðalskrifst. sameiginl. kostn.	4,00	4,00		4,00	0,00
Sendlar	1,00	1,00		1,00	0,00
Simavarsla	2,00	2,00		2,00	0,00
Húsvarsla	4,00	4,00		4,00	0,00
Ræsting				0,00	0,00
Mötuneyti				0,00	0,00
Innkaupa- og markaðsdeild	3,00	4,00		4,00	-1,00
Innk. - og markaðs., efnissala	0,50	1,50		1,50	-1,00
Yfirþýðandi	2,50	2,50		2,50	0,00
Frettaðeild, sameiginl. kostn.	5,00	5,00	2,00	7,00	-2,00
Innlendar fréttir	7,00	6,50	4,00	10,50	-3,50
Erlendar fréttir	3,00	3,00	2,00	5,00	-2,00
Innlend dagskrárgerðardeild	17,50	7,00	9,00	16,00	1,50
Leikmyndadeild, sameiginl. kostn.	1,00	1,00		1,00	0,00
Teiknistofa	3,00	3,00		3,00	0,00
Verkstæði	9,00	9,00	1,00	10,00	-1,00
Leikmunir	1,00	1,00		1,00	0,00
Buningar	1,50	1,50	1,00	2,50	-1,00
Förðun	2,00	2,50		2,50	-0,50
Íþróttir, íþróttastjóri	1,00	1,00		1,00	0,00
Íþróttir, sameiginl. kostn.	3,00	3,00	3,00	6,00	-3,00
	74,00	65,50	23,00	88,50	-14,50
					24,00

## STÖÐUGILDI Í HLJÓÐVARPI Í MAÍ 1988.

Deild	Heimilluð stöðug.	Stöðu- gildi	Laus- ráðnir	Samtals	Frávik	Annað
Aðalskrifstofa	2,00	2,00	3,00	5,00	-3,00	
Skrifstofa framkvæmdastjóra	2,00	2,00	2,00	2,00	0,00	
Búlir	5,00	4,00	2,00	6,00	-1,00	
Ritstjóri dagskrár	1,00	1,00		1,00	0,00	
Barna- og unglingadeild	2,00	2,00	1,00	3,00	-1,00	
Fréttastofa, sameiginl. kostn.	2,00	2,00	1,50	3,50	-1,50	
Fréttastofa, innlendar fréttir	9,00	9,00	4,00	13,00	-4,00	
Fréttastofa, erlendar fréttir	2,00	2,00	3,00	5,00	-3,00	
Fraðslu- og skemmtideild	5,00	5,00	1,75	6,75	-1,75	
Leiklistardeild	1,75	1,75		1,75	0,00	
Tónlistardeild	12,40	10,00	6,00	16,00	-3,60	1,00
Dagurmálaðeild	0,00	2,00	6,00	8,00	-8,00	
RÚVAK	6,00	3,00	6,00	9,00	-3,00	1,00
Svæðisútvarp Egilsstöðum	0,00	0,00	1,50	1,50	-1,50	1,00
Svæðisútvarp ísafirði	0,00	0,00	1,00	1,00	-1,00	
	50,15	45,75	36,75	82,50	-32,35	3,00

## STÖÐUGILDI Í TÆKNIDEILD:

	Heimiliuð stöðug.	Stöðu- gildi	Laus- ráðnir	Samtals	Frávik	Annað
Yfirlitjón	1,00	1,00		1,00	0,00	
Tæknirekstrardeild, útværps	3,00	3,00		3,00	0,00	
Hljóðvarp, upptaka- og útsending	16,00	5,00	13,00	18,00	-2,00	
RÚV RDS skrifstofa	1,00	1,00		1,00	0,00	
Bókun	1,00	1,00		1,00	0,00	
Upptöku- og útsendingardeild	23,00	13,00	14,00	27,00	-4,00	
Myndbanda- og skannadeild	11,00	3,00	7,00	10,00	1,00	
Kvikmyndadeild	19,00	12,00	8,00	20,00	-1,00	
Hljóðtækjadeild	1,00	1,00		1,00	0,00	
Hljóðtækjadeild, hljóðhönnun		2,00		2,00	-2,00	
Hljóðverkstæði		2,00		2,00	-2,00	
Myndtækjadeild	1,00	1,00		1,00	0,00	
Myndhönnun	1,00	1,00		1,00	0,00	
Myndverkstæði	3,00	1,00	4,00	5,00	-2,00	1,00
Smiðja	1,00	1,00		1,00	0,00	
	82,00	44,00	50,00	94,00	-12,00	1,00

ÝMISLEGT:

	Deild	Heimiluð stöðug.	Stöðuð gildi	Laus- raðnir	Samtals	Frávirk	Annað
Útværpsstjóri							
Skrifstofa útværpsstjóra		1,00	1,00	1,00	1,00	0,00	0,00
Starfsmannastjórn		2,00	2,00	2,00	2,00	0,00	0,00
Málfarsráðunautur		1,00	1,00	1,00	1,00	0,00	0,00
Fréttabréf og ársskýrsla		1,00	1,00	1,00	1,00	0,00	0,00
Fjármálaideild, sameiginl. kostn.		0,50	1,00	1,00	1,00	-0,50	0,00
Fjármálaideild, aðalskrifstofa		1,00	1,00	1,00	1,00	0,00	0,00
Húsvarsla		3,00	2,43	2,43	2,43	0,57	0,00
Ræsting		4,00	1,00	3,00	4,00	0,00	0,00
Mötuneyti		1,00	5,00	5,00	5,00	-4,00	9,00
Símaþarsla		4,00	3,75	3,75	3,75	0,25	0,00
Sendimenn		1,00	1,00	1,00	1,00	0,00	3,00
Fjárvarsla		3,00	3,00	3,00	3,00	0,00	0,00
Bókhald		2,00	2,00	2,00	4,00	-2,00	0,00
Hagdeild		1,00	14,00	14,00	0,00	1,00	0,00
Auglýsingadeild		14,00	14,00	14,00	14,00	0,00	0,00
Innheimtudeild		9,50	9,00	1,00	10,00	-0,50	1,00
Safnadeild, sameiginl. kostn.		1,00	1,00	1,00	1,00	0,00	0,00
Safnadeild, hljóðvarpshlutி		1,00	1,00	0,00	1,00	1,00	1,00
Safnadeild, aðföng		1,00	1,00	1,00	1,00	0,00	0,00
Safnadeild, flokkun og skráning		2,00	2,00	1,00	3,00	-1,00	1,00
Safnadeild, afgreiðsla		1,50	3,00	3,00	3,00	-1,50	0,00
Safnadeild, sjónvarpshlutி		2,50	3,00	0,50	3,50	-1,00	1,00
Tölvudeild		1,00			0,00	1,00	0,00
		59,00	55,18	10,50	65,68	-6,68	16,00

Fjöldritunarstofa  
Daniels Halldórssonar